

## 28. Búðarhálsvirkjun<sup>1</sup>

Í Búðarhálsvirkjun er virkjað um 40 metra fall í Tungnaá milli Hrauneyjafossvirkjunar og Sultartangavirkjunar. Frárennslisfarvegur neðan Hrauneyjafossvirkjunar og Kaldakvísl rétt ofan við ármót Tungnaár eru stífluð og myndað þar um 7 km<sup>2</sup> lón, Sporðöldulón með yfirfallshæð í 337 m y.s. Sporðöldulón er fyrst og fremst inntakslón en getur einnig nýst til skammtímamiðlunar. Frá lóninu er skurður að göngum í gegnum Búðarháls að stöðvarhúsi ofanjarðar við Sultartangalón. Rennli til virkjunar er um 230 m<sup>3</sup>/s, en virkjunin er aflsett miðað við 325 m<sup>3</sup>/s rennsli, sem fyrst og fremst yrði nýtt við rekstrarstöðvun í Hrauneyjafossvirkjun. Í því skyni er gert ráð fyrir skurði úr Tungnaá til að veita rennsli frá Hrauneyjalóni framhjá virkjun inn í Sporðöldulón.

### *Yfirlitstafla*

<b>Einkennisstærðir</b>	<b>Búðarhálsvirkjun</b>
Rennli til virkjunar (m <sup>3</sup> /s)	231
Vatnasvið (km <sup>2</sup> )	2.200
Yfirfallshæð í miðlun (m)	337
Flatarmál lóna (km <sup>2</sup> )	7
Miðlun (Gl)	26
Lengd ganga (km)	4
Lengd stíflna (m)	2.400
Mesta hæð “ (m)	24
Lengd skurða (m)	1.800
Afl (MW)	100
Orkugeta (GWh/a)	630
Stofnkostnaður Mkr	14.590
Stofnk/orkuein. (kr/(kWh/a))	23,2

Landsvirkjun hefur fengið virkjunarleyfi að undangengnu mati á umhverfisáhrifum af virkjuninni og tengingu hennar við flutningskerfi Landsvirkjunar frá virkjun við Sultartanga.

---

<sup>1</sup>Hönnun hf. og Rafhönnun 1999. *Búðarhálsvirkjun – Verkhönnun 100 MW virkjunar*. Landsvirkjun, ágúst 1999.

